

BÍLNÚMERA „DELLAN“ KOSTAR 10 MILLJÓNIR

— nýtt kerfi: nýr bíll með nýju númeri sparar þjóðinni stórfé

„Ekki minna en 10 milljónir króna myndu sparast árlega hjá þessari stofnun með því að taka upp þetta nýja skrásetningarkerfi,“ sagði Guðni Karlsson, forstöðumaður Bifreiðaeftirlits ríkisins í Reykjavík í viðtali við fréttamann DAGBLAÐSINS. „Mér finnst, að við ættum að einfalda skrifstofubáknid en halda ekki gangandi miklum kostnaðarauka fyrir einhvern hegóma,“ sagði Guðni enn fremur. Með hinu nýja fyrirkomulagi verða öll skrásetningarnúmer

bifreiða með tveim bókstöfum og þrem tölustöfum. Þetta var kynnt fyrir Alþingi í fyrra, en til þess að gera breytinguna þarf umferðarlagabreytingu. Guðni Karlsson kvað þessa breytingu þegar hafa verið gerða á öðrum Norðurlöndum og enga annmarka komið í ljós við framkvæmdina. Hér er fólk að skipta um númer í hvaða veðri sem er hérna úti á plani. Þetta er mikil fyrirhöfn, og ef vel ætti að vera þyrfti að byggja skála undir þetta,“ sagði Guðni Karlsson, og hann bætti við: „Ég vona að þetta mál verði tekið upp á Alþingi í haust.“ Sama skrásetningarnúmer verður á hverri bifreið „frá vöggju til grafar“ samkvæmt hinni nýju tilhögun, sem hefur

aftur í för með sér mikla einföldun á því eftirliti, sem er í

höndum Bifreiðaeftirlits ríkisins, eins og áður segir. —BS—



STÁLU SVEFN-POKUM OG SVÁFU Í KASSA

Þeir voru tveir saman og skriðu inn um glugga á húsi við Skólavörðustíg. Þaðan fóru þeir ofan í kjallara og fundu tvo svefnpoka, skriðu ofan í þá og ætluðu að blunda. Ekki varð þeim þó svefnsamt og óttuðust, að einhver kæmi að þeim og raskaði ró þeirra óþyrmilega. Þeir laumuðust því út með pokana, læddust niður á Lindargötu og fundu þar stóran og góðan kassa. Þar breiddu þeir á ný úr svefnpokunum, skriðu ofan í og féllu nú í væran blund. En Adam var ekki lengi í svefnpokanum. Fyrr en varði voru vörzlumenn réttvísinnar komnir á sporið, gripu þrjátana í pokunum og færðu þá til heilsusamlegri húsakynna í Hverfisteininum. —SHH

Syndaselirnir með tékkheftin:

TÖLVAN Á AÐ SJÁ VIÐ SLÓÐUNUM

„Aðalbreytingin verður sú, að tékkar í umferð koma samdægurs fram í bókhaldi bankanna. Það er ekki í okkar verkahring að fara með framhaldið, en bankarnir fá í hendur þau tæki, sem þarf til að fylgja misnotkun eftir með viðurlögum,“ sagði Einar Pálsson, forstöðumaður Reiknistofu bankanna, í viðtali við fréttamann DAGBLAÐSINS.

Í stað óreglulegra skyndikannana á ávisanantöku viðskiptamanna bankanna, var með tilkomu Reiknistofu bankanna mögulegt að hafa daglegt eftirlit með tölvuvinnslu á samanburði allra ávisanareikninga bankanna. Þessi stofnun er nú rúmlega árs gömul.

„Þetta verkefni verður komið til okkar í byrjun október, en það er nú fyrir fullum seglum í yfirtöku,“ sagði Einar Pálsson, „þannig að sjálf „kliringin“ fer þá í gang.“

„Þessi breyting útheimtir mikla vinnu hjá bönkunum“ sagði Jóhann Ingjaldsson, fulltrúi hjá Seðlabankanum. Af þeim ástæðum kvað Jóhann hafa dregið nokkuð að koma ofangreindri nýskipan á. „Þetta er ennþá þannig, að fulltrúar bankanna koma hingað með ávisanabunka og skiptast á ávisunum. Útibú Útvegsbankans í Kópavogi var notað sem tilraunastofnun fyrir hina nýju tilhögun, sem fyrirhugað var að tekin yrði upp hinn 1. september. Þá afhenti Iðnaðarbankinn þetta

verkefni til Reiknistofnunar bankanna, sem annast það fyrir þann banka, en fullkomin ávis-

anakönnun verður ekki gerð fyrr en allir bankarnir verða komnir í tölvuvinnslu.“ —BS—

Gerður Einarsdóttir, fyrsta stúlk- an, sem afgreiðir í Ríkinu. Ljós- m. BP



„Þeir verða margir hissa...“

— ung dama inn fyrir borðið í Ríkinu

„Það verða margir hissa. Þegar þeir sjá mig, spyrja, hvort ég afgreiði virkilega hérna,“ sagði Gerður Einarsdóttir afgreiðslustúlka í Ríkinu við Lindargötu, er við rákumst á hana við föstudagsinnkaupin um daginn. Gerður er 23ja ára og

starfaði áður á röntgendeild Borgarspítalans, en hefur unnið síðastliðinn hálfan mánuð í Lindinni, eins og hún er kölluð í daglegu tali. Aðspurð kvaðst hún ekki hafa verið lengi að komast inn í áfengismálin, menn keyptu yfirleitt það sama. Það væri aðallega, þegar menn

bæðu um dýrari tegundirnar, sem kún kæmist í vanda.

En hvernig líkar henni starfið? „Jú, þetta er ágætis djögg, og ég gæti vel hugsað mér að starfa hérna til frambúðar,“ sagði Gerður að lokum.


—AT

HVAR ER HÖFUÐ- BORG ARABANS?

Og þá er það þriðji hluti- inn í getrauninni okkar — það er spurt um höfuð- borgir ýmissa landa. Erfiðar spurningar finnast sumum, en aðrir glotta með fyrirliðningu, þegar þeir krossa við hárrétta svarið. Nú er spurt um höfuð-

borg Saudi-Arabíu, og eins og sjá má þeysir Arabinn á dollaragríni í stað úlfalda eins og þeir gerðu forfeður hans.

Munið að geyma úr- klippurnar og senda þær allar, eftir að 8 spurning- ar hafa birzt í blaðinu.



3

3. Hvað heitir höfuðborgin í Saudi-Arabíu?
A: Damaskus
B: Ríyadh
C: Mekka